

Fundargerð háskólaráðs
390. fundur 18.01.2018 kl. 14:00
Borgir, R262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 14:08.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra
Erla Björg Guðmundsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Fjarverandi:

Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi háskólaráðs, boðaði forföll
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs, boðaði forföll

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen, ritari háskólaráðs

Gestir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Rektor kynnti dagskrá.

1. Samþykkt fundargerðar 389. fundar

1711078

Fundargerð samþykkt.

2. Rekstur og fjármál

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri kom inn á fundinn undir þessum lið.

Lítur út fyrir örlítinn rekstrarafgang á árinu 2017 en ársuppgjör er ekki tilbúið.

Lögð fram endurskoðuð rekstraráætlun ársins 2018 og áætlun til þriggja ára í ljósi nýs fjárlagafrumvarps sem lagt var fram í desember þar sem gert var ráð fyrir auknu fjármagni til háskólasgtigsins. Framlag HA hækkaði um 76 milljónir miðað við nýtt fjárlagafrumvarp.

Ólafur yfirgaf fundinn.

Rekstraráætlun og þriggja ára áætlun samþykkt.

3. Starfsmannamál

Rektor gerði grein fyrir stöðu mála í ráðningu nýs forstöðumanns fjármálasviðs. Sjö umsóknir bárust en einn dró umsóknina til baka. Viðtöl eru enn í gangi en gert ráð fyrir að ganga frá ráðningu á næstu vikum.

Auglýsing framkvæmdastjóra er enn opin og rennur frestur út 22. janúar n.k.

Húsnæðisþörf er að verða brynt mál þar sem starfsmönnum fjölgar en húsnæðið er í raun þegar sprungið.

4. Stefna HA 2018-2023

1703017

Rektor kynnti drög að stefnu HA 2018-2023. Fyrir liggur að kynna stefnuna fyrir sviðum og háskólaskrifstofu og nærsamfélagi. Rektor óskar eftir athugasemdum háskólaráðs um innihald og framsetningu stefnunnar.

Málið og einstakir þættir stefnunnar ræddir ítarlega.

Háskólaráð samþykkir þá heildarstefnu sem fram kemur í drögum.

Stefnan verður lögð fyrir háskólaráð til samþykktar á fundi í febrúar eftir að hún hefur verið kynnt og fengið umræðu meðal háskólasamfélagsins.

5. Önnur mál

- **Samsetning jafnréttisráðs HA**

Rektor leggur til að breyting verði gerð á skipun jafnréttisráðs. Nú er ráðið skipað einum fulltrúa frá hverju fræðasviði, einum frá stjórnslu/stoðþjónustu og einum fulltrúa nemanda. Rektor leggur til að fjölgað verði í ráðinu þannig að við bætist einn fulltrúi sem skipaður er af rektor sem verði formaður jafnréttisráðs. Tilgangurinn er að efla og styrkja starfsemi jafnréttisráðs.

- **Heiðursdoktorsnafnbót**

Lögð fram tillaga frá viðskipta- og raunvísindasviði um að sæma dr. Rögnvald Hannesson auðlindahagfræðing heiðursdoktor við Háskólann á Akureyri. Háskólaráð samþykkir framlagða tillögu.

- **Meetoo.**

Háskólaráð ræddi Meeto byltinguna og umræðuna í samfélaginu undanfarnar vikur og viðbrögð Háskólans á Akureyri til þess að útrýma kynbundnu ofbeldi innan háskólans og samfélagsins.

Háskólaráð tekur undir orð rektors frá 1. desember síðastliðnum um að háskólasamfélagið verði í sameiningu að vinna að því að útrýma kynbundnu ofbeldi og órétti sem konur eru beittar. Mikilvægt er að innan skólans verði sú hugarfarsbreyting sem þarf til þess að unnt sé að tryggja jafnrétti og jafnræði kynjanna

á öllum starfssviðum skólans. Háskólaráð er reiðubúið að vinna með háskólasamfélaginu að því að breyta starfsháttum innan skólans til hins betra en telur rétt að slíkt sé gert í beinu samstarfi við starfsfólk og nemendur skólans. Um leið og háskólaráð felur rektor að vinna að umbótum þá óskar ráðið jafnframt eftir tillögum frá nemendum og starfsfólki um það með hvaða hætti best sé að bregðast við núverandi stöðu og umræðu þannig að unnt sé að gera gott samfélag enn betra.

Sigfríður Inga Karlsdóttir yfirgaf fundinn hér, kl. 16:39.

- **Rannsóknamisseri 2018-2019.**

Rektor kynnti tillögu rannsóknamisseranefndar um úthlutun rannsóknamissera kennara háskólaárið 2018-2019. Ákvörðun um úthlutun verður tekin á fundi í febrúar.

Rektor beindi því til háskólaráðs að skoða vel reglur um rannsóknamisseri, tilgang reglnanna og hvort ástæða sé að endurskoða reglurnar og skilyrði til rannsóknamissera í heild sinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.